

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að deiliskipulagi.

Smárahvammsvegur. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 11. janúar 2022 deiliskipulag fyrir Smárahvammsveg. Markmið deiliskipulagsins eru að aðlaga götuna að umferðarmagni, auka umferðaröryggi, koma fyrir stofnstíg hjólreiða og aðlaga götumyndina og umhverfið að nýju skipulagi nálægra reita.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 7. september 2022.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 8. september 2022